

Varðar:

Vísað er til beiðnar PFS um umsögn um þróun sjónvarpsmiðlunar og fjarskipta 2. febrúar sl.

Þar er kallað eftir svörum við sjö lykilspurningum. Spurningarnar eru listaðar hér að neðan og svör í beinu framhaldi.

bls. 1

1. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað?

Að vissu leyti ýtir hún undir sölu á fjarskiptamarkaði. Á Vestfjörðum og víðar úti á landi háttar þannig til að gjarna eru gerfihnettir í skugga á bak við fjöll og IPTV er því eina leiðin til að taka við erlendum stöðvum.

2. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á stöðu neytenda þegar kemur að aðgangi að vinsælu sjónvarpsefni?

Myndbandaleigur hafa lagst af vegna vinsælda IPTV og OTT-þjónustu eins og Netflix þannig að það ýtir enn frekar undir að þeir sem vilja leigja sér nýtt og nýlegt myndefni nýti sér IPTV og OTT. Jafnframt hefur úrval efnis breyst, ýmist til hins betra eða verra. Þeir sem eru verr settir með bandbreiðar tengingar, t.d. í dreifbýli eða í einhverri fjarlægð frá næstu símsstöð eiga erfiðara en aðrir með að nýta sér þessar þjónustur og því hefur aukist áhersla á að bæta netsamband beinlínis vegna myndmiðlunar.

3. Hvaða áhrif hefur það á samkeppni á fjarskiptamarkaði að ákveðið efni sé bundið við tiltekið net?

Það skerðir óhjákvæmilega samkeppni. Taka má sem dæmi að vegna barnaefnis á Skjá einum þá virtist það hafa þau áhrif að fjölskyldufólk valdi frekar myndlykil frá Símanum þegar búið var að aftengja tímaflakk/tímavél á myndlykli Vodafone. Vodafone svaraði þessu með 'Hopster' sem er pakki þar sem hægt er að velja barnaefni án þess að greiða fyrir hvern dagskrárlið sérstaklega og virtist það höfða til fjölskyldufólks sem gerði þá ekki í sama mæli kröfur til þess að geta notað tímaflakk/tímavél á Skjá Einum.

4. Skiptir máli hvortslík takmörkun(spurning 3) nái eingöngu til ólínulegs efnis?

Já, greinilega eins og sést af ofangreindu dæmi.

5. Hvaða vægi hefur ólínulegt dagskrárefni í samhengi við vöruframboð fjarskiptafyrirtækja nú og nánustu framtíð?

Skv. umferðarmælingum á því sýndarneti (VLAN) sem ber myndlyklaumferð á okkar kerfi þá virðist hlutfall ólínulegs efnis vera að aukast. Sést það á því að í stað stöðugrar multicast umferðar eru að myndast toppar á vinsælli áhorfstímum sem bendir til aukinnar notkunar ólínulegs efnis.

6. Er það mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að geta einskorðað efnið við tiltekið fjarskiptanet?

Ekki nema þau vilji ná forskoti sem samkeppnisaðilinn getur ekki keppt við. Sé t.d. enski boltinn eingöngu á tilteknu fjarskiptaneti þá munu áhorfendur sem vilja það efni; ekki nota önnur fjarskiptanet. Við lítum ekki á samkeppnishæfni sem aðstöðusköpun á þann hátt að ekki sé hægt að nálgast efni nema nota „réttu“ fjarskiptanetið. Samkeppnishæfni hlýtur að þýða að hægt sé að nálgast efni sem víðast og því hlýtur svarið að vera nei.

7. Annað sem umsagnaraðili vill koma á framfæri?

Snerpa rekur eigið fjarskiptanet sem gengur undir nafninu Smartnet. Öllum fjarskiptafélögum stendur til boða að selja þjónustu sína á Smartnetinu.

Bæði Símanum og Vodafone var boðið að dreifa IPTV á netinu. Vodafone þáði boðið, Síminn ekki. Nú eru í notkun hundruðir myndlykla frá Vodafone á fjarskiptaneti Snerpu. Síminn hefur ekki komið með neina haldbæra ástæðu fyrir að vilja ekki vera með. Við höldum að ein ástæðan sé að þeir telji að notendur vilji ekki skipta um myndlykil (eða að notendaviðmótið á þeirra myndlykli sé betra) og flytji sig því síður af neti Mílu yfir á net Snerpu ef þeir þurfa þess við breytingarnar.

Notendur, sérstaklega eldra fólk hefur sagt okkur að því finnist erfitt að skipta um fjarstýringu, jafnvel þó sama efnið sé í boði, þar sem þurfi að venjast öðru viðmóti og öðrum aðferðum við að flakka á milli stöðva og notkun á ólínulegri dagskrá, þannig að það eru margir þættir sem ráða þessu.

Sumir notendur sem hafa verið að færa sig yfir á okkar net, á ljósleiðara af slæmum ADSL-línum hafa ítrekað haft samband við Símann og óskað eftir að þeir bjóði myndlykla sína á okkar kerfi en Síminn hefur ýmist svarað því til að Snerpa vilji ekki hleypa Sjónvarpi Símans á net sitt (sem er ósatt) eða fullyrt að með útbreiðslu eigin nets væri Snerpa að tefja fyrir uppbyggingu Mílu á Ljósneti (sem er líka ósatt). Sjá má lesendabréf frá notanda og umræðu um einmitt þetta efni á

<http://wayback.vefsafn.is/wayback/20161227100241/http://bb.is/Pages/82?NewsID=201283>

f.h. Snerpu ehf.



Björn Davíðsson